Stjórnarfundur TSÍ 24. ágúst 2026

Mættir á skrifstofu UMFÍ kl. 11:45 voru Magnús, Kristín, Andri og Mia. Freyr forfallaðist.

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt án athugasemda
2. Fjármál. Kristín upplýsir okkur um stöðuna. Sambandið er á góðum stað og allt eftir áætlun, vinna er hafin að færa bókhald.
3. Staða á samkomulagi við verkefnastjóra ungmenna. Fundur staðfestur við mögulegan kandídat fimmtudag 27. ágúst kl 17.00. Andri og Freyr hitta kandídat saman og klára samkomulag.
4. Trúnaður innan stjórnar. Rædd tilfelli þar sem upplýsingar láku ótímabært út fyrir stjórn og allir samþykkir að slíkt megi ekki endurtaka sig.
5. Lagabreytingar og samþykki þeirra. ÍSÍ gerði kröfu um smávægilegar breytingar á orðalagi sem ekki hægt að klára og staðfesta fyrr en á tennisþingi 2027.

6. Skipan siðanefndar. Fyrir liggur tillaga frá Raj Bonifacius sem stjórn gerir nokkrar spurningar við. Ákveðið að kalla Raj til á næsta fund stjórnar og ljúka við skipan nefndar og ákveða vinnulag við að skrifa siðareglur. Sjá einnig næsta lið.

7. Tennis og kurteisi. TSÍ barst formleg kvörtun vegna atviks sem gerðist í sumar og farið vel yfir. Raj verður kallaður á næsta fund til að ræða siðanefnd og hennar hlutverk ásamt nokkur atriði sem komið hafa upp á síðustu mánuðum.
8. Foreldrafræðsla - næstu skref. Mia og Freyr taka að sér þetta verkefni. Hvernig áttu að haga þér sem tennisforeldri og hvað þarf að hafa í huga. Hugmynd er að hafa þetta kl 15.00-17.00, smá fyrirlestur, kaffi, aftur fyrirlestur og spurningar. Verkefnið verður unnið með nýjum verkefnastjóra yngri hópanna.
9. Aðalfundur ITF í Kasakstan. Magnús fer einn á þennan fund vegna kostnaðar við ferðalagið.
10. Skráning sem almannaheillafélag. Magnús lýkur við umsóknina til Skattsins í vikunni. Í framhaldinu varrætt um hvernig mætti laða stuðningsaðila að sambandinu?
11. Önnur mál. Notum tækifærið á næsta fundi til að ræða landsliðsmál við Raj.

Fundi slitið 13:00